

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
<b>1.</b>	<b>EES-ráðið</b>	
<b>2.</b>	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
<b>2010/EES/19/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	<b>1</b>
<b>2010/EES/19/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>6</b>
<b>2010/EES/19/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn . . . . .	<b>8</b>
<b>2010/EES/19/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>9</b>
<b>2010/EES/19/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>11</b>
<b>2010/EES/19/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>12</b>
<b>2010/EES/19/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>14</b>
<b>2010/EES/19/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>16</b>
<b>2010/EES/19/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn . . . . .	<b>18</b>
<b>2010/EES/19/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn . . . . .	<b>19</b>
<b>2010/EES/19/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>21</b>
<b>2010/EES/19/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>23</b>
<b>2010/EES/19/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn . . . . .	<b>25</b>

<b>2010/EES/19/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn. . . . .	26
<b>2010/EES/19/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn . . . . .	27
<b>2010/EES/19/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins . . . . .	29

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 1/2010

2010/EES/19/01

frá 29. janúar 2010

#### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2009 frá 29. maí 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2008 frá 30. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar skilyrði fyrir því að tiltekin dýr af smitnæmum tegundum séu undanþegin brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 454/2008 frá 21. maí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, að því er varðar framlengingu á aðlögunartímabilinu <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008 frá 6. júní 2008 um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 708/2008 frá 24. júlí 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar skilyrði fyrir því að tiltekin dýr af smitnæmum tegundum séu undanþegin brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1108/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar lágmarkskröfur er varða áætlanir um vöktun og eftirlit með blátungu og skilyrði fyrir því að sæði sé undanþegið brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2008 frá 19. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar skilyrði fyrir því að tiltekin dýr af smitnæmum tegundum séu undanþegin brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB <sup>(7)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 238.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 18.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 17.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 28.

- 8) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2008/73/EB frá 15. júlí 2008 um að einfalda málsmeðferð að því er varðar skráningu og birtingu upplýsinga á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða og dýraræktar og breytingu á tilskipunum 64/432/EBE, 77/504/EBE, 88/407/EBE, 88/661/EBE, 89/361/EBE, 89/556/EBE, 90/426/EBE, 90/427/EBE, 90/428/EBE, 90/429/EBE, 90/539/EBE, 91/68/EBE, 91/496/EBE, 92/35/EBE, 92/65/EBE, 92/66/EBE, 92/119/EBE, 94/28/EB og 2000/75/EB, ákvörðun 2000/258/EB og tilskipunum 2001/89/EB, 2002/60/EB og 2005/94/EB <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/404/EB frá 21. maí 2008 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði á Ítalíu séu opinberlega laus við berkla í nautgripum og að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/476/EB frá 6. júní 2008 um breytingu á ákvörðun 2008/185/EB í því skyni að bæta umdæmunum Côtes-d'Armor, Finistère, Ille-et-Vilaine, Morbihan og Nord í Frakklandi á skrá yfir svæði sem eru laus við Aujeszky-veiki <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/576/EB frá 4. júlí 2008 um breytingu á III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar skrá yfir svæði í Póllandi sem eru opinberlega laus við smitandi nautgripahvítblæði <sup>(11)</sup>.
- 12) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/655/EB frá 24. júlí 2008 um samþykkt áætlana um neyðarbólusetningu gegn blátungu í tilteknum aðildarríkjum og um ákvörðun á fjárframlagi frá Bandalaginu fyrir 2007 og 2008 <sup>(12)</sup>.
- 13) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/661/EB frá 1. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/182/EB um könnun á riðuveiki í hjartardýrum <sup>(13)</sup>.
- 14) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/674/EB frá 13. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/683/EB um samþykkt áætlunar um að útrýma svínapest í villtum svinum á tilteknum svæðum í Ungverjalandi <sup>(14)</sup>.
- 15) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/682/EB frá 18. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/870/EB að því er varðar samþykkt áætlunarinnar um neyðarbólusetningu með merkibóluefni gegn svínapest í svinum á bújörðum í Rúmeníu <sup>(15)</sup>.
- 16) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/686/EB frá 20. ágúst 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/59/EB að því er varðar svæði í Slóvakíu þar sem hrinda á í framkvæmd áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svinum og um neyðarbólusetningu þessara svína gegn svínapest <sup>(16)</sup>.
- 17) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/755/EB frá 24. september 2008 um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE <sup>(17)</sup>.
- 18) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/816/EB frá 20. október 2008 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi séu opinberlega laus við smitandi nautgripahvítblæði <sup>(18)</sup>.
- 19) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/838/EB frá 3. nóvember 2008 um forvarnbólusetningu gegn vægri fuglainflúensu í stökköndum í Portúgal og tilteknar ráðstafanir til að takmarka flutninga á slíkum alifuglum og afurðum þeirra <sup>(19)</sup>.

<sup>(8)</sup> Stj.útd. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40.

<sup>(9)</sup> Stj.útd. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 16.

<sup>(10)</sup> Stj.útd. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 34.

<sup>(11)</sup> Stj.útd. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 40.

<sup>(12)</sup> Stj.útd. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 66.

<sup>(13)</sup> Stj.útd. ESB L 215, 12.8.2008, bls. 8.

<sup>(14)</sup> Stj.útd. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 30.

<sup>(15)</sup> Stj.útd. ESB L 222, 20.8.2008, bls. 9.

<sup>(16)</sup> Stj.útd. ESB L 224, 22.8.2008, bls. 13.

<sup>(17)</sup> Stj.útd. ESB L 258, 26.9.2008, bls. 72.

<sup>(18)</sup> Stj.útd. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 46.

<sup>(19)</sup> Stj.útd. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 40.

- 20) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/984/EB frá 10. desember 2008 um breytingu á viðauka C við tilskipun ráðsins 64/432/EBE og ákvörðun 2004/226/EB að því er varðar greiningarprófanir vegna öldusóttar í nautgripum <sup>(20)</sup> með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 10, 15.1.2009, bls. 35.
- 21) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/988/EB frá 17. desember 2008 um breytingu á ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar að bæta Hollandi við á skrá yfir aðildarríki sem eru laus við Aujeszky-veiki og að bæta Ungverjalandi við á skrá yfir aðildarríki þar sem samþykkt, landsbundin varnaráætlun vegna sjúkdómsins er fyrir hendi <sup>(21)</sup>.
- 22) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 504/2008 falla úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE <sup>(22)</sup> og 2000/68/EB <sup>(23)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 23) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn.
- 24) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands eða Liechtensteins.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist eins og tilgreint er í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti reglugerða (EB) nr. 394/2008, 454/2008, 504/2008, 708/2008, 1108/2008 og 1304/2008, tilskipunar 2008/73/EB og ákvarðana 2008/404/EB, 2008/476/EB, 2008/576/EB, 2008/655/EB, 2008/661/EB, 2008/674/EB, 2008/682/EB, 2008/686/EB, 2008/755/EB, 2008/816/EB, 2008/838/EB, 2008/984/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 10, 15.1.2009, bls. 35, og 2008/988/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 38.

<sup>(21)</sup> Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 52.

<sup>(22)</sup> Stjtið. EB L 298, 3.12.1993, bls. 45.

<sup>(23)</sup> Stjtið. EB L 23, 28.1.2000, bls. 72.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 91/496/EBE) í hluta 1.1, 1. lið (tilskipun ráðsins 77/504/EBE) og 2. lið (tilskipun ráðsins 88/661/EBE) í hluta 2.1, 3. lið (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), 4. lið (tilskipun ráðsins 92/35/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 92/66/EBE), 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE), lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og lið 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1, 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE), 2. lið (tilskipun ráðsins 91/68/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 90/426/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 7. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 8. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) og 9. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1, 54. lið (ákvörðun ráðsins 2000/258/EB) í hluta 4.2 og 2. lið (tilskipun ráðsins 90/426/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE), 5. lið (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 6. lið (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 7. lið (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) og 15. lið (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 8.1:  
„– **32008 L 0073**: Tilskipun ráðsins 2008/73/EB frá 15. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40).“
2. Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 89/361/EBE), 4. lið (tilskipun ráðsins 90/427/EBE) og 5. lið (tilskipun ráðsins 90/428/EBE) í hluta 2.1 og lið 5a (tilskipun ráðsins 2005/94/EB) í hluta 3.1:  
„eins og henni var breytt með:  
– **32008 L 0073**: Tilskipun ráðsins 2008/73/EB frá 15. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003) í hluta 1.1:  
„– **32008 R 0454**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 454/2008 frá 21. maí 2008 (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2008, bls. 238).“
4. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við í 10. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003) í hluta 1.1:  
„d) Orðið „Noregur“ bætist við á milli orðanna „Malta“ og „Svíþjóð“ í 16. gr.“
5. Texti 24. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE) í hluta 2.2 falli brott.
6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 32. lið: (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/427/EB) í hluta 2.2:  
„33. **32008 R 0504**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008 frá 6. júní 2008 um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3).  
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB) í hluta 3.2:  
„– **32008 D 0755**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/755/EB frá 24. september 2008 (Stjtið. ESB L 258, 26.9.2008, bls. 72).“
8. Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007) í hluta 3.2:  
„– **32008 R 0394**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2008 frá 30. apríl 2008 (Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 22),  
– **32008 R 0708**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 708/2008 frá 24. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 197, 25.7.2008, bls. 18),  
– **32008 R 1108**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1108/2008 frá 7. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 17),  
– **32008 R 1304**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1304/2008 frá 19. desember 2008 (Stjtið. ESB L 344, 20.12.2008, bls. 28).“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 29. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/59/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 3.2:  
„– **32008 D 0686**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/686/EB frá 20. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 224, 22.8.2008, bls. 13).“
10. Eftirfarandi undirliður bætist við í 42. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/683/EB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 3.2:  
„– **32008 D 0674**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/674/EB frá 13. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 30).“

11. Eftirfarandi bætist við í 43. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/870/EB) undir fyrirsögninni „GERDIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 3.2:
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 D 0682**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/682/EB frá 18. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 222, 20.8.2008, bls. 9).“
12. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 44. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB) undir fyrirsögninni „GERDIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL“ í hluta 3.2:
- „45. **32008 D 0655**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/655/EB frá 24. júlí 2008 um samþykkt áætlana um neyðarbólusetningu gegn blátungu í tilteknum aðildarríkjum og um ákvörðun á fjárframlagi frá Bandalaginu fyrir 2007 og 2008 (Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 66).
- Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.
46. **32008 D 0838**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/838/EB frá 3. nóvember 2008 um forvarnarbólusetningu gegn vægri fuglainflúensu í stökköndum í Portúgal og tilteknar ráðstafanir til að takmarka flutninga á slíkum alifuglum og afurðum þeirra (Stjtið. ESB L 299, 8.11.2008, bls. 40).
- Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
13. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:
- „– **32008 D 0984**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/984/EB frá 10. desember 2008 (Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 38) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 10, 15.1.2009, bls. 35.“
14. Eftirfarandi undirliður bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:
- „– **32008 D 0404**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/404/EB frá 21. maí 2008 (Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 16),
- **32008 D 0576**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/576/EB frá 4. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 40),
  - **32008 D 0816**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/816/EB frá 20. október 2008 (Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 46).“
15. Eftirfarandi bætist við í 75. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/226/EB) í hluta 4.2:
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 D 0984**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/984/EB frá 10. desember 2008 (Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 38), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 10, 15.1.2009, bls. 35.“
16. Eftirfarandi bætist við í 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB) í hluta 4.2:
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 D 0476**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/476/EB frá 6. júní 2008 (Stjtið. ESB L 163, 24.6.2008, bls. 34),
  - **32008 D 0988**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/988/EB frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 352, 31.12.2008, bls. 52).“
17. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 84. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB) í hluta 4.2:
- „85. **32008 R 0504**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 504/2008 frá 6. júní 2008 um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3).
- Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
18. Eftirfarandi bætist við í 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/182/EB) í hluta 7.2:
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 D 0661**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/661/EB frá 1. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 215, 12.8.2008, bls. 8).“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 2/2010**

2010/EES/19/02

frá 29. janúar 2010

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi sem eru sett fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í föður sem er ætlað dýrum utan markhóps <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með föðri <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 152/2009 falla úr gildi tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 71/250/EBE <sup>(5)</sup>, 71/393/EBE <sup>(6)</sup>, 72/199/EBE <sup>(7)</sup>, 73/46/EBE <sup>(8)</sup>, 76/371/EBE <sup>(9)</sup>, 76/372/EBE <sup>(10)</sup>, 78/633/EBE <sup>(11)</sup>, 81/715/EBE <sup>(12)</sup>, 84/425/EBE <sup>(13)</sup>, 86/174/EBE <sup>(14)</sup>, 93/70/EBE <sup>(15)</sup>, 93/117/EB <sup>(16)</sup>, 98/64/EB <sup>(17)</sup>, 1999/27/EB <sup>(18)</sup>, 1999/76/EB <sup>(19)</sup>, 2000/45/EB <sup>(20)</sup>, 2002/70/EB <sup>(21)</sup> og 2003/126/EB <sup>(22)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 1zc (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB), 13. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/174/EBE), 19. liðar (fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 71/250/EBE),

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 5, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 155, 12.7.1971, bls. 13.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 279, 20.12.1971, bls. 7.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 123, 29.5.1972, bls. 6.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 83, 30.3.1973, bls. 21.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 102, 15.4.1976, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. EB L 102, 15.4.1976, bls. 8.

<sup>(11)</sup> Stjtið. EB L 206, 29.7.1978, bls. 43.

<sup>(12)</sup> Stjtið. EB L 257, 10.9.1981, bls. 38.

<sup>(13)</sup> Stjtið. EB L 238, 6.9.1984, bls. 34.

<sup>(14)</sup> Stjtið. EB L 130, 16.5.1986, bls. 53.

<sup>(15)</sup> Stjtið. EB L 234, 17.9.1993, bls. 17.

<sup>(16)</sup> Stjtið. EB L 329, 30.12.1993, bls. 54.

<sup>(17)</sup> Stjtið. EB L 257, 19.9.1998, bls. 14.

<sup>(18)</sup> Stjtið. EB L 118, 6.5.1999, bls. 36.

<sup>(19)</sup> Stjtið. EB L 207, 6.8.1999, bls. 13.

<sup>(20)</sup> Stjtið. EB L 174, 13.7.2000, bls. 32.

<sup>(21)</sup> Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 15.

<sup>(22)</sup> Stjtið. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 78.



20. liðar (önnur tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 71/393/EBE), 21. liðar (þriðja tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 72/199/EBE), 22. liðar (fjórða tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 73/46/EBE), 25. liðar (fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/371/EBE), 26. liðar (sjöunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 76/372/EBE), 27. liðar (áttunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 78/633/EBE), 28. liðar (níunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 81/715/EBE), 29. liðar (tíunda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 84/425/EBE), 30. liðar (ellefta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE), 31. liðar (tólfta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/117/EB), liðar 31c (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/64/EB), liðar 31f (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/27/EB), liðar 31g (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/76/EB), liðar 31h (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/45/EB) og liðar 31i (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/126/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 403/2009):  
„1zzzzzb. **32009 R 0124**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi sem eru sett fyrir hníslalyf eða vefsvipungalyf í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem er ætlað dýrum utan markhóps (Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31n (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB):  
„31o. **32009 R 0152**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54zzzzc. **32009 R 0124**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi sem eru sett fyrir hníslalyf eða vefsvipungalyf í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem er ætlað dýrum utan markhóps (Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 124/2009 and 152/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 3/2010****2010/EES/19/03****frá 29. janúar 2010****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/74/EB frá 26. júní 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/55/EB og 2002/57/EB að því er varðar grasafraeðiheiti plantna, vísindaheiti annarra lífvera og tiltekna viðauka við tilskipanir 66/401/EBE, 66/402/EBE og 2002/57/EB með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE), 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) og 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32009 L 0074**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/74/EB frá 26. júní 2009 (Stjtið. ESB L 166, 27.6.2009, bls. 40).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/74/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 166, 27.6.2009, bls. 40.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 4/2010

2010/EES/19/04

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns (endurútgefin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/EB frá 26. febrúar 2009 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/54/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 80/777/EBE <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti 26. liðar (tilskipun ráðsins 80/777/EBE).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB):  
„– **32009 D 0163**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/163/EB frá 26. febrúar 2009 (Stjtið. ESB L 55, 27.2.2009, bls. 41).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009):  
„54zzzzd. **32009 L 0054**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB frá 18. júní 2009 um hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns (endurútgefin) (Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/54/EB og ákvörðunar 2009/163/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 55, 27.2.2009, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 1.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***A. Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 5/2010****2010/EES/19/05****frá 29. janúar 2010****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/135/EB frá 3. nóvember 2009 um að heimila tímabundnar undanþágur frá tilteknum hæfisviðmiðunum fyrir heilblóðs- og blóðhlutagjafa sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2004/33/EB í tengslum við hættu á skorti vegna heimsfaraldurs af völdum influensu A (H1N1) <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15zj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 658/2007) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„15zk. **32009 L 0135**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/135/EB frá 3. nóvember 2009 um að heimila tímabundnar undanþágur frá tilteknum hæfisviðmiðunum fyrir heilblóðs- og blóðhlutagjafa sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2004/33/EB í tengslum við hættu á skorti vegna heimsfaraldurs af völdum influensu A (H1N1) (Stjtið. ESB L 288, 4.11.2009, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/135/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. janúar 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. janúar 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 288, 4.11.2009, bls. 7.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 6/2010

2010/EES/19/06

frá 29. janúar 2010

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2009 frá 4. desember 2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/75/EB frá 24. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu koltvísýringi við í I. viðauka við hana <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/77/EB frá 25. júlí 2008 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu þíametoxami við í I. viðauka við hana <sup>(3)</sup>.
